

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 314/2022

2023/EES/48/25

frá 9. desember 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/698 frá 3. maí 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu bifenasati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (1).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32022 R 0698:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/698 frá 3. maí 2022 (Stjtið. ESB L 130, 4.5. 2022, bls. 3).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzm (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/94):

„13zzzzzzzzzzzzn. **32022 R 0698:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/698 frá 3. maí 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu bifenasati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 130, 4.5.2018, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/698, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(1) Stjtið. ESB L 130, 4.5.2022, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður